


Gunnar Guðmundur Guðjónsson



Gunnar Guðmundur Guðjónsson fæddist á Eyri við Ingólfsfjörð í Árneshreppi 29. maí 1917. Hann lést á Akranesi 27. nóvember 2011.

Foreldrar hans voru Sigríður G. Halldórsdóttir frá Súðavík, f. 22.5. 1890, d. 26.8. 1961, og Guðjón Guðmundsson, Eyri við Ingólfsfjörð, f. 5.2. 1890, d. 8.11. 1971. Gunnar var þriðji í röð fjögurra systkina sem voru: Ingibjörg, f. 1913, Anna, f. 1915, og Ingólfur, f. 1920.

Gunnar kvæntist 14. apríl 1945 Guðbjörgu Pétursdóttur f. 28.3. 1920, d. 13.6. 2010. Foreldrar hennar voru Sigríður Jónsdóttir frá Bolungavíkurseli í Grunnavíkurbreppi, f. 10.11. 1893, d. 30.3. 1984, og Pétur Friðriksson frá Dröngum í Árneshreppi, f. 18.6. 1887, d. 9.9. 1979. Börn Gunnars og Guðbjargar eru: 1) Sigríður, f. 10.11. 1945, gift Sveini Torfa Þórólfssyni, f. 5.9. 1945. Þeirra dóttir Guðbjörg, f. 4.8. 1967, d. 17.4. 2001, maki Hans Jakob Jakobsen, f. 28.5. 1964, þeirra börn Sigrid, f. 7.3. 1993, og Hákon, f. 17.1. 1996. 2) Ásdís, f. 26.3. 1948, maður Ísak Ahsan, f. 29.10. 1943, d. 24.9. 1999, skildu. Þeirra börn Selma, f. 6.12. 1973, Ómar Gunnar, f. 28.6. 1975, Jónas Hassan, f. 27.12. 1979, Jósep Sabhan, f. 2.3. 1982. 3) Guðrún Anna, f. 2.7. 1949, gift Ásgeiri Gunnari Jónssyni, f. 29.11. 1948. Þeirra börn Kristín Guðrún, f. 9.5. 1969, gift Sigurði Sigurpórssyni, f. 26.9. 1967. Dætur þeirra Sunneva Ýr, f. 17.9. 1998, og Guðrún Hrönn, f. 5.7. 2004. Erla Ósk, f. 30.9. 1977, í sambúð með Róbert Bragasyni, f. 21.2. 1978. Þeirra sonur Baltasar Máni, f. 23.1. 2011. Gunnar, f. 12.7. 1982, í sambúð með Ólöfu Ásgeirsdóttur, f. 4.8. 1989. 4) Helga, f. 22.5. 1952, gift Sigtryggi Karlssyni, f. 15.9. 1949. Börn þeirra Karl, f. 3.8. 1984, og Ásdís, f. 18.11. 1987.

Gunnar gekk í barnaskóla í Árneshreppi. Stundaði nám v. Héraðsskólann á Laugarvatni 1937-1939, Íþróttaskólann í Haukadál 1939-1940 og Vélskólann í Reykjavík 1949-1950. Hann ólst upp á Eyri við sveitastörf til sjós og lands, m.a. síldarsöltun á Ingólfsfirði. Hann var á yngri árum til sjós á togurum og sigldi á Bretland á stríðsárunum. Gunnar og Guðbjörg hófu búskap í Reykjavík. Þau fluttu að Eyri 1944 og Gunnar gerðist vélstjóri við nýreista síldarverksmiðju þar. En síldin hvarf og verksmiðjan stöðvaðist. Þeir bræður og frændur komu sér upp öflugum sögunarverki og seinna lítilli rækjuverksmiðju. Gunnar gerði út með Ingólfi bróður sínum Guðrúnu ST 22, sautján tónna bát sem m.a. var haldið til rækjuveiða, viðar- og pósthveita um Húnaflóa. Vörubílaútgærd og akstur varð svo aðalátvinna Gunnars til 1992 er hann lét af störfum 75 ára. Gunnar var lengi sýslunefndarmaður. Stofnandi og sat í stjórn Umf. Leifs heppna um árabíl. Hann sá lengi um nýbyggingu og viðhald sýsluvega í Árneshreppi. Aðaláhugamál Gunnars voru mannlíf og saga. Guðbjörg og Gunnar bjuggu á Eyri við Ingólfsfjörð til 1971. Eftir það höfðu þau vetursetu í Kópavogi en sumarhvílu á Eyri. Aldamótaárið fluttu þau á Akranes. Þau fluttu í íbúð á Höfða á Akranesi árið 2006.

Útför Gunnars verður gerð frá Akraneskerkju í dag, þriðjudaginn 6. desember 2011, kl. 14.

[6. desember 2011](#) | Minningargreinar |

Nú er pabbi okkar, Gunnar á Eyri, allur. Við söknum hans. Hann er farinn til síns heimalands. Pabbi var alla tíð, alveg fram í andlátinu, mjög tengdur bernskuslóðum sínum og heimahögum, Eyri við Ingólfsfjörð. Eftir að mamma og pabbi fluttu í bæinn, fóru þau norður á vorin eins snemma og hægt var og voru eins lengi og hægt var fram eftir haustinu. Hann undi sér hvergi betur en á Eyri og hann saknaði alltaf átthaganna.

Fyrir aðra var hann „Gunnar á Eyri“ og var það oft virðing í röddinni þegar talað var um „Gunnar á Eyri“. Hann var álitinn vera mikill heiðursmaður og naut virðingar. Hann var trygglyndur og vinur vina sinna í blíðu og stríðu. Það var alltaf hægt að reikna með pabba, Gunnari á Eyri. Hann hafði alla tíð lifandi áhuga á öllu sem var að gerast í sveitinni og vissi oftast meira en við systurnar um það sem þar var að gerast. Síðustu árin bilaði heilsan og hann komst ekki lengur norður að Eyri og harmaði hann það mjög. Pabbi var athafnamaður og vinnusamur, ósérhlífinn og hafði þrek sem fáir búa yfir. Hann var skapandi og sá möguleika sem aðrir sáu ekki. Hann hafði margar góðar hugmyndir um framkvæmdir og hvað væri hægt að gera og var hann að sumu leyti á undan sinni samtíð.

Þeir voru margir óharðnaðir unglingar sem voru hjá honum yfir sumartímamann á Eyri, sem urðu fullorðnir á einu sumri. Hann hafði sérstakt lag á unglingum og sýndi þeim traust sem þroskaði þá. Hann var mjög félagslyndur og hafði gaman af því að ræða við aðra og aðrir höfðu gaman af því að ræða við hann. Hann þekkti mjög marga og kom sér alls staðar vel. Hann var fljótur að kynnast fólki hvar sem hann fór. Sem dæmi um hversu fljótur hann var að eignast kunningja og vini er það okkur minnisstætt hvernig hann komst í kynni við sögunarbændur í Þrándheimi eitt sinn þegar hann var í heimsókn. Hann naut þess að tala við

fólk og var áhugasamur um þeirra hagi og líf. Hann var mjög ættfróður og vissi deili á flestum sem hann hitti.

Pabbi var mikill hæfileikamaður bæði andlega og líkamlega. Á sínum yngri árum var hann góður fimleikamaður og sterkur. Hann var góður námsmaður og hafði óvenjugott minni, gat t.d. endursagt nákvæmlega það sem hann hafði lært þó að það væru 70 ár síðan hann lærði það, langar stærðfræðiformúlur eða annað. Við gátum því alltaf spurt hann um það sem við vorum ekki alveg vissar um. Þetta gátum við fram undir það síðasta. Hann mundi atburði og fólk sem hann hafði mætt á lífsleiðinni langt umfram það sem við eigum að venjast. Pabbi hafði góða söngródd. Hann hafði gaman af því að syngja og söng oft án nokkurs tilefnis. Við eigum margar góðar minningar í kringum sönginn hans. Pabbi fylgdist vel með okkur, barnabörnum og barnabarnabörnum.

Elsku pabbi, Gunnar á Eyri, við minnst þín með söknuði. Minningarnar um þig lifa meðal okkar og við getum huggað okkur við þær á komandi árum. Við kveðjum þig með þakklæti í hjarta og þökkum þér fyrir öll árin sem við fengum að vera þér samferða elsku pabbi – Gunnar á Eyri, heiðursmaður.

Sigríður, Ásdís, Guðrún og Helga.

Mig langar að minnast tengdaföður míns Gunnars Guðjónssonar með nokkrum orðum. Ég átti því láni að fagna að dvelja á Eyri hvert sumar meira og minna frá 1970 og vinna með Gunnari og læra af honum. Ég lærði að stjórn bát, vinna rekavið, leggja fyrir sel, flá, skafa og spýta skinn, umhirðu í æðarvarpi og fleira.

Ég kynntist nýjum hugtökum í veðurfari svo sem rekaveður, algjör blanki, skagræna, norðangarður eða ætlar hann ekki að jaga þetta niður þetta helvítis grubb.

Ég húsasmíðameistarinn lærði að meta gæði viðar á rekanum í Drangavík og Skjaldabjarnarvík með því að reka fjöðurstaf í maðksmugur og banka eftir holhljóði. Rauðaviður svo feitur og þungur að hann flaut varla var bestur – fékk jafnvel einkunnina algjör kirkjuviður, beinvaxin kvistalaus fura var hleypingaviður, kvistarafhtar, þinir og seljudjöfull voru verstir. Á rekanum var verkefnið að koma viðnum á flot. Það þurfti að leggja fyrir, velta niður, binda á, gera flota og slefa flotanum aftan í trillunni heim að Eyri. Hleypa girðingarstaurum, saga staura, planku og borðvið, grindu viðinn upp og láta hann blása. Allt þetta var krefjandi og skemmtilegt.

Eftirminnileg er ferð okkar nafnanna í sjötugsafmæli Einars á Munaðarnesi þar sem hreppsúar voru samankomnir í veglegum fagnaði. Flestir komu á bílum en Kristinn á Seljanesi kom róandi yfir fjörðinn á nýsmíðaðri skektu við þriðja mann. Höfðinginn Einar leysti menn svo út með nestispela.

Landfastur hafís við Strandir á rækjumiðum seinni hluta sjöunda og í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar varð til þess að kippa fótunum undan rækjuvinnslnunni á Eyri og Eyrarmenn fóru að hafa vetursetu fyrir sunnan.

Á kvöldin var oftast sögustund í eldhúsinu á Eyri og ég læt eina örsögu fljóta hér með. Einhverju sinni í hallæri eftir miðjan fjórða áratuginn réðust þeir Valtýr Pétursson og Gunnar Guðjónsson í að brugga. Lagt var í kút sem grafinn var í jörð uppi í hlíð útundir Hvalhamri þar sem ekki sást til frá Eyri. Reru þeir út eftir af og til á kvöldin til að smakka mjöðinn. Þar kom að þeir töldu lögunina tilbúna og ákváðu að sækja kútinn. Reru nú út eftir, grófu upp kútinn og smökkuðu fram eftir kvöldi en hófu síðan að velta kútnum niður hlíðina. Bæði var brekkan brött og þeir búnir að smakka fullmikið og svo fór að þeir misstu frá sér kútinn sem valt með vaxandi ferð niður hlíðina og tók að lokum stökk niður á götuna og sprakk þar. Þetta var slæmt með kútinn en verra með mjöðinn sagði Gunnar.

Í Árneshreppi er menningarsamfélag og þar hefur fólk skarað fram úr á mörgum sviðum. Þar átti Gunnar sínar rætur, frændur og vini og þar vildi hann vera.

Ég þakka fyrir mig nafni. Ásgeir Gunnar Jónsson.

Ég kynntist Gunnari fyrir 45 árum. Hann og fjölskyldan voru þá á landsmóti á Laugarvatni. Um haustið fór ég norður á Eyri til að kynnst betur verðandi tengdafjölskyldu.

Gunnar var ekki heima. Hann var inni í Húnavatnssýslu að keyra girðingarstaura, en yngsta dóttirin tók á móti okkur.

Um nóttina kom Gunnar heim. Hann vakti þá upp dætur sínar, og kvað þær skyldu út og ferma staura á vörubílinn. Þær klæddust og óðu út í myrkrið. Ég klæddist líka og hugðist taka til hendi, en er á völlinn var komið sá ég að mér var ofaukið, þegar Bibba, sagði: „Vert þú bara ekki fyrir,“ um leið og hún sveiflaði einum staurnum upp á pallinn og SIRRÝ greip. Um morguninn var Gunnar farinn. „Hann er kominn langt inn í sýslu,“ sagði Bibba.

Þannig kynntist ég Gunnari og tengdafjölskyldunni. Hörkuduglegu fólki og manni, sem lagði mikið á sig til að sjá sér og sínum farborða á ysta hjara veraldar.

Gunnar og Guðbjörg áttu framtíðarsýn umfram það sem almennt var, og vildu að dætur þeirra gengju menntavegin. Auk útgjalda hlýtur það að hafa verið tregablandið að sjá dæturnar fjórar, yfirgefa æskuslóðirnar og fara í skóla fjarri heimabyggð. Ég kynntist seinna hugsjón þeirra fyrir framtíð yngri afkomenda, og fyllist lotningu.

Gunnar gerðist ungur togarasjómaður og var á togurunum Rán og Skutli, og sigldi til Englands í stríðinu. Hann flutti svo heim að Eyri með konu sinni Guggu, Guðbjörgu Pétursdóttur. Þar var þá uppgangspláss, og miklar framtíðarvonir bundnar við síldina á Húnaflóa. En síldin brást og fólk fluttist burtu.

Gunnar var athafnamaður, sem réðst í mörg verk til að skapa sér atvinnu. Þetta skapaði líka atvinnu í Árneshreppi.

Ég átti því láni að fagna að fara í rekaferð með Gunnari og kynnst honum sem sjómanni.

Þannig var að á okkur skall austan kaldi á leið með reka í togi inn á Ingólfsfjörð og rak rekann upp á sker. Ég fór í skerið til að greiða úr, meðan Gunnar athafnaði bátinn. Betra samstarf hef ég sjaldan átt og komum við rekanum inn á fjörð.

Eftir að við Sirrý 1969 fluttum til Þrándheims 1969 til náms og síðar búsetu, voru tengslin við föðurlandið oft í gegnum Gunnar og Guðbjörgu á Hlíðarveginum í Kópavogi. Við hátíðir eins og um jólin reikaði hugurinn þangað, og gaf okkur styrk í útleigðinni, og þegar farið var til Íslands var Hlíðarvegurinn aðsetur okkar. Þar leið okkur vel í hlýjunni hjá Gunnari og Guðbjörgu. Þar var líka Guðbjörg dóttir okkar fermd. Hlíðarvegurinn var okkar annað heimili.

Gunnar var traustur maður og sanngjarn og þau Guðbjörg bæði. Þau reyndust mér og minni fjölskyldu hin mesta stoð. Kom það fram í mörgu. Mest reyndi á þegar dóttir okkar Guðbjörg var greind með krabbamein vorið 2000, og litlar sem engar vonir um batna. Árið sem Guðbjörg háði dauðastríðið voru böndin við Gunnar og Guggu mikilvæg til að komast í gegnum þessa ógnartíma. Það sýnir styrk þeirra og hugarró á háum aldri að geta miðlað framtíðarvon.

Ég vil þakka fyrir samveruna og fyrir alla stoð og umhyggju gegnum árin.

Sveinn Torfi.

Fallinn er frá tengdafaðir minn Gunnar Guðjónsson frá Eyri við Ingólfsfjörð. Margs hefi ég að minnast frá kynnum af gagnmerkum manni. Nú um stundir gerist fátt um fólk af hans kynslóð, fætt upp úr aldamótunum 1900. Á þeim tímum skyldi vera góður efniviður í þeim sem komst vildi til manns í harðri lífsbaráttu þeirrar tíðar. Atvinnulíf fábreytt og harðindi til lands og sjávar.

Afburðaprek Gunnars, líkamlegt og andlegt atgervi ásamt hófsemd til orðs og æðis lagði honum til langa ævi sem nú er á enda runnin. Þeir sem urðu þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast honum og vera samtíða um lengri eða skemmri tíma minnast hans með söknuði og virðingu.

Gunnar var gæddur skörpum gáfum, nánast óbrigðulu og afburðagóðu minni, fágætu skopskyni og varð stundum að beittu háði. En undir vakti hlýja og góðsemi í garð þeirra sem honum voru kærir. Þetta varð til þess að samneyti við hann var óvenjugefandi og fullt af fróðleik um menn og málefni, atvinnusögu til lands og sjávar og skapandi og hugmyndaríkt líf hans og annarra.

Gunnar var skapmaður og gerði sér ekki mannamun ef til átaka kom. Gaf hann ekki hlut sinn fyrir neinum manni ef svo bauð við að horfa. Ekki hogaði hann að heldur undan ef til líkamlegra átaka kom enda afrenndur að afli og skapið heitt sem fylgdi. Þessir burðir til sálar og líkama gáfu lítið eftir fram undir nírætt og þegar líkaminn fór að gefa sig voru andlegir hæfileikar óbugaðir fram undir það síðasta. Þar sannaðist hið fornkveðna að lengi býr að fyrstu gerð.

Því kom í mér í huga, þegar Gunnar var allur, vísukorn sem rak á fjörur mínar einhvern tíma fyrir margt löngu. Þeir eru ekki margir sem maður hefir séð á eftir sem vekja vísu þessa upp í huganum með svo afgerandi hætti.

Aldurniginn féll á fold
– felldu margan örlög köld –
sjaldan hef ég svartri mold
seldan vitað betri höld.
(Friðrik Þeydal.)

**Vertu sæll, Gunnar, og þakkir þér.
Sigtryggur Karlsson.**

Elskulegi afi okkar er nú fallinn frá. Við erum þakklát fyrir tímann sem við fengum að njóta með honum. Hann lifði tímana tvenna ef ekki þrenna. Þvílíkar hetjusögur höfum við sjaldan heyrt sagðar af slíkri hógværð. Afi sigldi um höfin blá á meðan heimsstyrjöldin seinni geisaði. Hann var með akkeri og skútu á handleggnum sem við stóð Gunnar, Hull 1939, og okkur þótti alltaf mikið til koma.

Afi og amma sátu á ferðatöskunni sinni með nesti á Þingvöllum við Lýðveldisstofnunina 1944. Það er eitthvað magnað við að hafa heyrt sögur af þessum atburðum sem skrifað er um í sögubókum, beint frá afa. Við erum svo þakklát fyrir stundirnar á Eyri, þar sem afi og amma bjuggu lengst af í húsinu sem afi byggði. Við munum eftir selspikinu sem afi borðaði, rekaviðnum sem afi sagaði, Guðrúnu bátnum hans, rebbasögunum, appelsínugula vörubílnum og líflegum ferðum í Kaupfélagið. Strandirnar skipa sérstakan sess hjá okkur, og við segjum með stolti að við séum Strandamenn í aðra ættina. Við munum sakna þess að geta ekki komið lengur við hjá afa á Skaganum á leiðinni í Hólminn, en eitt er víst að afi mun ávallt eiga sérstakan stað í hjörtum okkar.

Kristín Guðrún, Erla Ósk og Gunnar.

Elsku afi, það er mér ótrúlega sárt að þurfa að kveðja þig, enda hefur þú alltaf verið stór partur af mínu lífi. Ég get þó hlýjað mér við allar minningar sem ég á um þig og okkar tíma saman. Það hefur verið undarlegt síðustu ár að fara norður án þín, en þar varstu samt alltaf í anda og verður alltaf. Ég á svo margar góðar minningar um þig – öll sumrin á Eyri, það að fara með þér inn í Drangavík og út í eyju og í sel. Öll kvöldin í eldhúsinu þar sem þú sagðir okkur frá liðnum tíma og sveitungunum og hlóst dátt. Allar heimsóknirnar á Hlíðaveginnum eru mér líka mjög kærar og þaðan á ég líka ótrúlega góðar minningar. Það var alltaf svo gott að fá að laumast með þér út í vörubíl og hlusta á þig segja sögur og fá jafnvel einn beiskan brjóstsykur. Húsið og allt umhverfið var alltaf einhvers konar ævintýraland og þið amma voruð bæði partur af því. Þú varst alltaf svo góður og hlýr og það var svo gott að vera hjá ykkur. Þú hefur alltaf haft svo mikla trú á mér og alltaf verið svo stoltur af öllu sem að ég hef áorkað í lífinu og það var mér svo dýrmætt afi. Þú varst svo glaður að mér gengi svona vel í

háskólanum og talaðir um hvað þú óskaðir þess að þú hefðir haft betri tækifæri til að mennta þig en þú hafðir á sínum tíma, þrátt fyrir að þú hafir nýtt þér öll þau tækifæri sem þá voru í boði. Þú varst þó menntaður á þinn eigin hátt, vel sigldur og lesinn og hafðir lifað í gegnum ýmislegt. Þú gast þulið upp heilu kaflana úr Íslendingasögunum og rætt þær fram og aftur. Þú bjóst yfir svo mikilli visku og svo margskonar reynslu, sem þú deildir með samferðamönnum þínum. Fólk hefur alltaf borið mikla virðingu fyrir þér og ég finn alveg hvernig það breytir álitum margra á mér að heyra að ég sé barnabarn „Gunnars á Eyri“ og er það nokkuð sem ég verð ævinlega stolt af.

Elsku afi, það á eftir að vera skrítið að hafa þig ekki um jólin, en ég á eftir að hugsa mikið til þín, eins og við öll. Ég er svo glöð að hafa átt þig að og ég er svo glöð að ég kom heim nógu snemma til að fá að kveðja þig, elsku afi. Það var mér ótrúlega dýrmætt og seinustu orðin sem við sögðum hvort við annað eiga eftir að ylja mér alla ævi. Ég elska þig líka, elsku besti afi.

Þitt starf var farsælt, hönd þín hlý
og hógvær göfgi svipnum í.
Þitt orð var heilt, þitt hjarta milt
og hugardjúpið bjart og stillt.
En styrrinn aldrei stóð um þig,
– hver stormur varð að lægja sig,
er sólskin þinnar sálar skein
á satt og rétt í hverri grein.
Loks beygði þreytan þína dáð,
hið þýða fjör og augnaráð;
sú þraut var hörð – en hljóður nú
í hinsta draumi brosir þú.
(Jóhannes úr Kötlum)

Ásdís Sigtryggisdóttir.
